

Persónuverndarstefna yfirkjörstjórna

Yfirkjörstjórnir kjördæma vinna með ýmsar persónuupplýsingar í tengslum við framkvæmd kosninga. Á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“) koma yfirkjörstjórnir fram sem svokallaðir ábyrgðaraðilar að vinnslu og bera því ábyrgð á að unnið sé með umræddar persónuupplýsingar í samræmi við persónuverndarlög.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn og kemur hver þeirra fram sem sjálfstæður ábyrgðaraðili. Þar sem vinnsla yfirkjörstjórna er að mestu leyti sú sama á milli kjördæma er til einföldunar þó sett fram ein persónuverndarstefna sem hefur þann tilgang að fræða alla þá einstaklinga sem yfirkjörstjórnir kjördæma vinna með persónuupplýsingar um, hvernig sú vinnsla fer fram.

1. Hvað telst vinnsla persónuupplýsinga?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, varðveisla og eyðing.

2. Persónuupplýsingar sem yfirkjörstjórn safnar og vinnur

Yfirkjörstjórn er falið að sinna tilgreindu hlutverki í tengslum við kosningar. Til þess að geta sinnt því lögboðna hlutverki er yfirkjörstjórn nauðsynlegt að vinna með tilgreindar persónuupplýsingar.

Skipta má vinnslu yfirkjörstjórna á persónuupplýsingum upp í eftirfarandi þætti:

2.1 Yfirkjörstjórnamenn og starfsfólk

Unnið er með tengiliðaupplýsingar (s.s. upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og símanúmer) yfirkjörstjórnamanna, starfsfólks yfirkjörstjórna, áheyrnarfulltrúa, umboðsmanna framboða og eftir atvikum umdæmiskjörstjórnamanna. Þá kann að vera unnið með upplýsingar um forföll og/eða vanhæfi slíkra aðila í einstaka tilvikum, sem og upplýsingar um stjórnmalaskoðanir yfirkjörstjórnamanna og áheyrnarfulltrúa.

Auk þess er unnið með upplýsingar í tengslum við kosningu oddvita.

Á grundvelli kosningalaga nr. 112/2021 („**kosningalög**“) er skylt að skipa yfirkjörstjórnir, oddvita þeirra og í ákveðnum tilvikum áheyrnarfulltrúa, og er vinnsla persónuupplýsinga sem tengist slíkum skipunum því byggð á lagaskyldu. Það sama á við um kosningu umdæmiskjörstjórna, komi til slíkrar skipunar. Hvað varðar vinnslu upplýsinga um stjórnmalaskoðanir þá er einungis unnið með slíkar upplýsingar hafi viðkomandi einstaklingur gert þær upplýsingar opinberar sjálfur.

Í ljósi umfangs þeirra verkefna sem yfirkjörstjórnnum er falið í lögum er nauðsynlegt fyrir yfirkjörstjórnamenn að njóta liðsinnis starfsfólks til að sinna þeim verkefnum. Vinnsla persónuupplýsinga þeirra aðila byggir á því opinbera valdi sem yfirkjörstjórn fer með og tengist þeim lagaskyldum sem á yfirkjörstjórn hvílir.

Tengiliðaupplýsingar yfirkjörstjórnamanna, starfsfólks yfirkjörstjórna, áheyrnarfulltrúa og umboðsmanna framboða eru birtar öllum þeim sem koma að kosningum, s.s. í kosningakveri eða sérstakri handbók og í sumum tilvikum á kosning.is. Þá fær landskjörstjórn upplýsingar um kosningu oddvita og eftir atvikum umdæmiskjörstjórn. Að

öðru leyti er upplýsingum umræddra aðila ekki miðlað til þriðju aðila af hálfu yfirkjörstjórna.

2.3 Kjörgögn

Í tengslum við það lögboðna hlutverk yfirkjörstjórna að telja og yfirfara atkvæði er yfirkjörstjórnnum nauðsynlegt að vinna með kjörskrá, þar sem finna má upplýsingar um alla þá einstaklinga sem hafa kosningarrétt í viðkomandi kosningum, þ.e. upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og kjörskráarnúmer auk upplýsinga um hvort viðkomandi hefur nýtt kosningarrétt sinn. Séu gerðar breytingar á kjörskrá fá yfirkjörstjórnir upplýsingar um slíkar breytingar frá viðkomandi sveitarfélagi og það sama á við ef einstaklingur afsalar sér kosningarrétti og velur að kjósa í annarri kjördeild.

Tengt þessari vinnslu vinna yfirkjörstjórnir jafnframt með upplýsingar um utankjörfundaratkvæði, þ.e. upplýsingar um að viðkomandi hafi kosið utan kjörfundar og þá hvar, ásamt upplýsingum um nafn viðkomandi, kennitölu og heimilisfangi og rithandasýni kjörstjóra. Utankjörfundaratkvæði með upplýsingum um kjósandann berast yfirkjörstjórnnum frá kjörstjórum. Umboðsmenn framboða hafa rétt til að fá upplýsingar um hverjir hafa kosið utan kjörfundar en að öðru leyti er upplýsingum um utankjörfundaratkvæði ekki miðlað til þriðju aðila.

Njóti kjósandi aðstoðar við kosningu er unnið með upplýsingar um nafn og kennitölu kjósanda ásamt upplýsingum um að viðkomandi hafi notið aðstoðar við kosningu, annað hvort aðstoðar eigin aðstoðarmanns eða starfsmanns. Ekki er unnið með upplýsingar um ástæðu þess að kjósandi nýtur aðstoðar. Hvað varðar aðstoðarmenn, þá sem veita kjósendum aðstoð, er unnið með upplýsingar um nafn og kennitölu hans, hvern hann aðstoðaði og dagsetningu þegar aðstoð er veitt. Vinnsla þessi byggir á lagaskyldu og beitingu þess opinbera valds sem yfirkjörstjórnir fara með.

Áður en kjörgögnum er eytt, sbr. kafla 5 í stefnu þessari, yfirfara yfirkjörstjórnir skýrslur undirkjörstjórna þar sem tekin er saman tölfræði m.a. yfir þá sem ekki nýttu kosningarrétt sinn. Yfirkjörstjórnir afhenda Hagstofu skýrslurnar með rafrænum hætti ópersónugreinanlegar. Svo hægt sé að vinna skýrslurnar getur yfirkjörstjórnnum þó verið nauðsynlegt að vinna upplýsingar úr kjördeildarbókum um kennitölur þeirra sem ekki nýttu sér kosningarrétt sinn.

2.4 Eftirlit og afgangur erinda sem berast

Yfirkjörstjórnir fara með ákveðið eftirlit með því að ekki sé viðhafður óleyfilegur kosningaáróður, spjöll eða framganga sem truflað getur kosningar. Í tengslum við það hlutverk kann að vera nauðsynlegt að vinna með upplýsingar um viðkomandi atvik og þá einstaklinga er því tengjast.

Auk þess skal tekið fram að yfirkjörstjórnarmenn kunna að móttaka ýmis erindi, s.s. er varða athugasemdir við framkvæmd kosninga. Í tengslum við slík erindi vinna yfirkjörstjórnir með tengiliðaupplýsingar þeirra sem senda inn erindi auk upplýsinga um efni erindanna.

Vinnsla þessi fer fram á grundvelli þess opinbera valds sem yfirkjörstjórnir fara með. Í tilviki refsiverðrar háttsemi kann yfirkjörstjórnnum að vera nauðsynlegt að vísa máli til lögreglu og eftir atvikum miðla upplýsingum til umboðsmanna framboða, s.s. í tilviki óleyfilegra auglýsinga.

3. Miðlun til þriðju aðila

Í kafla 2 í persónuverndarstefnu þessari er tilgreint í hvaða tilvikum yfirkjörstjórnir kunna að miðla upplýsingum um tilgreinda einstaklinga til þriðju aðila.

Auk þess skal tekið fram að yfirkjörstjórnir kunna að nýta sér þriðju aðila til sinna tilgreindri vinnslu, s.s. upplýsingatækniþjónustu, fyrir sína hönd. Dæmi um það eru sveitarfélög sem sinna tilgreindri þjónustu og hýsingu á gögnum fyrir hönd yfirkjörstjórna og verktakar eða starfsfólk sem yfirkjörstjórn fær til starfa í tengslum við kosningar. Slíkir aðilar koma þá fram sem svokallaðir vinnsluaðilar í skilningi persónuverndarlaga og fer öll vinnsla slíkra aðila fram á grundvelli skriflegs vinnslusamnings við viðkomandi yfirkjörstjórn.

Á grundvelli lagaskyldu, s.s. á grundvelli upplýsingalaga, kann jafnframt að koma til þess að yfirkjörstjórnnum verði gert skylt að afhenda tilgreindar persónuupplýsingar og það sama kann að eiga við á grundvelli dómsúrskurðar.

4. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Yfirkjörstjórnir leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

Sé þriðja aðila falið að vinna með persónuupplýsingar fyrir hönd yfirkjörstjórna, sbr. kafla 3 í stefnu þessari, er vinnsluaðila jafnframt gert skylt að grípa til fullnægjandi öryggisráðstafana.

5. Hversu lengi eru persónuupplýsingar varðveittar?

Í samræmi við þá lagaskyldu sem hvílir á yfirkjörstjórnnum á grundvelli laga um opinber skjalasöfn eru þær persónuupplýsingar sem unnið er með um yfirkjörstjórnarmenn, kjörstjórnarmenn, oddvita, áheyrnarfulltrúa, umboðsmenn framboða og starfsfólk yfirkjörstjórna varðveittar ótímabundið.

Það sama á við um upplýsingar um framboð eða framboðslista sem kunna að vera skráðar í gerðabók yfirkjörstjórna sem og upplýsingar um aðgerðir sem tengjast óleyfilegum kosningaáróðri, spjöllum eða framgöngu sem truflar kosningar og erindi sem yfirkjörstjórnnum berast.

Öðrum gögnum og upplýsingum, sem eftir atvikum er unnið með á pappír, þ.e. útfylltri kjörskrá, leiðréttingum á kjörskrá, rithandasýnum kjörstjóra, listum yfir þá sem hafa kosið utan kjörfundar, upplýsingum um afsal kosningarréttar, upplýsingum er tengjast aðstoð við kosningu er eytt að loknum kærufresti eða fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi viðkomandi kosningu, hafi hún verið kærð.

6. Réttindi þeirra einstaklinga sem yfirkjörstjórnir vinna persónuupplýsingar um

Allir þeir einstaklingar sem yfirkjörstjórnir vinna persónuupplýsingar um eiga rétt á staðfestingu á því hvort unnið sé með upplýsingar þeirra eða ekki sem og frekari upplýsingum um það hvernig vinnslunni er hagað. Þá kunna allir þeir einstaklingar sem unnið er með persónuupplýsingar um að eiga rétt til að fá afrit af þeim upplýsingum sem unnar eru um viðkomandi.

Viðkomandi einstaklingar eiga jafnframt rétt til þess að fá rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar. Réttur til eyðingar persónuupplýsinga kann jafnframt að vera til staðar sem og réttur til gagnaflutnings í afmörkuðum tilvikum. Undir ákveðnum kringumstæðum getur réttur til takmörkunar á vinnslu persónuupplýsinga einnig verið til staðar.

Í þeim tilvikum er vinnsla yfirkjörstjórna byggir á því opinbera valdi sem yfirkjörstjórnir hafa með höndum geta einstaklingar sem unnið er með persónuupplýsingar um jafnframt átt rétt til að andmæla þeirri vinnslu.

Framangreind réttindi eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög að skylda yfirkjörstjórnir til að hafna ósk um eyðingu gagna með hliðsjón af þeirri skyldu sem hvílir á yfirkjörstjórnnum að varðveita öll gögn. Yfirkjörstjórnnum kann jafnframt að vera skylt að hafna beiðni um aðgang að gögnum, s.s. með hliðsjón af réttindum þriðju aðila eða þagnarskyldu sem gengur framar aðgangsrétti.

7. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Ef einhverjar spurningar vakna um vinnslu yfirkjörstjórna á persónuupplýsingum og/eða ef einstaklingur vill nýta sér réttindi sín á grundvelli persónuverndarlaga, sbr. kafla 6 í stefnu þessari, er viðkomandi bent á að setja sig í samband við oddvita viðkomandi yfirkjörstjórnar. Tengiliðaupplýsingar oddvita má nálgast [HÉR](#).

Þá skal tekið fram að ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu yfirkjörstjórna á persónuupplýsingum sínum getur viðkomandi ávallt sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).